



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Varðandi tillögu um að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvar**

Á fundi borgarstjórnar þann 27. febrúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Snæ Humadóttur, fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Lagt er til að borgarstjórn samþykki nægjanlegt fjármagn til að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvar þannig að hún verði föst félagsmiðstöð í stað þess að vera sértækt verkefni sem fær styrki til að starfa.*

Greinargerð fylgdi tillögunni.

### **Umsögn skóla- og frístundasviðs:**

Frá haustinu 2016 hefur frístundamiðstöðin Tjörnin fyrir hönd skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar starfrækt Hinsegin félagsmiðstöð í samstarfi við Samtökin 78. Hinsegin félagsmiðstöðin hefur skapað sér sess í félagsmiðstöðvastarfi með sérþekkingu á þörfum hinsegin unglinga og hefur veitt ráðgjöf, fræðslu, stuðning og hvatningu til allra frístundamiðstöðva borgarinnar og til annarra sveitarfélaga. Samningur við Samtökin 78 um rekstur félagsmiðstöðvarinnar rann út 31. desember 2023 og frá árinu 2024 hefur Reykjavíkurborg fjármagnað reksturinn auk sjálfaflafés/styrkja sem hefur verið aflað. Fjárhagsrammi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar eru tæpar 9,2 milljónir á ársgrundvelli og er hann tryggur.

Í félagsmiðstöðinni fer fram fjölbreytt starf í takt við reglur um umgjörð félagsmiðstöðva í Reykjavík. Hinsegin félagsmiðstöðin var s.l. vetur með opið fyrir 13-16 ára unglinga á þriðjudagskvöldum kl. 19:30-21:45 og hópstarf fyrir sama aldurshóp kl. 16:00-18:00. Á fimmtudögum var starf fyrir 10-12 ára börn kl. 16:00-18:00.

Um 100-140 unglingar mæta á þriðjudagskvöldum, um 30 unglingar í sértækt hópstarf og um 40 börn í 10-12 ára starfið. Félagsmiðstöðin hefur aðsetur í Spennistöðinni við Austurbæjarskóla og deilir þar húsnæði með félagsmiðstöðinni 100og1, frístundaheimilinu Draumalandi, Austurbæjarskóla og íbúum.

Fjárhagsrammi upp á 9.2 milljónir gerði ráð fyrir forstöðumanni í 40% starfshlutfalli og þremur hlutastarfsmönnum samtals í 26% hlutfalli. Sjálfboðaliðar frá Samtökunum 78 hafa verið um 4-5 á hverri vakt. Vegna mikillar fjölgunar unglinga sem eru að mæta í Hinsegin félagsmiðstöðina þá dugði 40% starfshlutfall forstöðumanns ekki og í gegnum sjálfsaflafé/styrki hefur náðst s.l. ár að hafa forstöðumann í 100% starfi og hefur hann því getað sinnt ótal verkefnum utan opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar í þágu hinsegin unglinga. En því miður hefur aðgangur að styrkjum minnkað og ekki er útlit fyrir því að ná inn auknu sjálfsaflafé fyrir næsta starfsár. Það er ljóst að það fjármagn sem Hinsegin félagsmiðstöð hefur í fjárhagsramma 2024 nægir ekki fyrir sambærilegri starfsemi og var rekin síðast liðinn vetur.



Reykjavíkurborg

Vegna kröfu um sparnað í starfi skóla- og frístundasviðs er því miður ekki til staðar svigrúm til að hækka fjárheimildir í rekstri félagsmiðstöðvarinnar að svo stöddu. Leitað er leiða til aflu starfseminni stuðnings til að geta haldið úti sambærilegri starfsemi og síðast liðinn vetur.